

Miðvikudaginn 26. september 1973.

Nr. 115/1973: Svavar Antoníusson

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og

Jóhanni Salberg Guðmundssyni bæjarfógeta.

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómarnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 27. júní 1973, sem barst Hæstarétti 30. júlí s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. tl. b, laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar. Krefst sóknaraðili þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja. Varnaraðiljar krefjast staðfetingar hins kærða frávísunardóms og að kærumálskostnaður verði felldur niður.

Með skírskotun til hins kærða dóms ber að staðfesta hann, sbr. og 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949.

Kærumálskotnaður fellur niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. júní 1973.

1.0.

1.1. Mál þetta er höfðað með sáttakæru, birtri 5. október 1971, á hendur ríkissjóði. Stefna í máli þessu er birt 17. október 1972 og 24. október sama ár. Að tilhlutan dómara fór munnlegur málflutningur fram um formhlið 29. maí s.l. Að svo búnu var mál þetta tekið til dóms eða úrskurðar.

Stefnandi máls þessa er Svavar Antoníusson, Bárustíg 5, Vestmannaeyjum. Stefndu eru fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs Ís-

lands og Jóhann Salberg Guðmundsson, bæjarfógeti á Sauðárkróki og sýslumaður í Skagafjarðarsýslu, persónulega.

Stefnandi hefur gert þær dómkröfur í efnishlið máls þessa, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 1.126.789.50 með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 1. maí 1971 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál. Stefndu hafa krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en málskostnaðarkrafa á hendur stefnanda hefur ekki verið gerð.

Eins og áður greinir, fjallar sá þáttur málsins, sem hér er til úrlausnar, um formhlið. Eins og mál þetta er vaxið, þótti dómara rétt að láta þennan þátt málsins koma strax til sérstakrar rannsóknar, sbr. 108. gr. laga nr. 85/1936, enda þótt krafa hefði ekki komið fram í þá átt.

Stefnandi hefur andmælt því, að mál þetta eigi að sæta frávísun, en stefndu hafa engar kröfur gert af þessu tilefni.

Með bréfi dómsmálaráðherra 16. ágúst 1972 var stefnanda veitt gjafsókn til höfðunar máls þessa.

Sátt hefur þegar verið reynd í máli þessu, en viðleitni í þá átt hefur engan árangur borið.

2.0.

2.1. Upphaf máls þessa er það, að stefnandi máls þessa, Svavar Antoníusson, hafði selt Guðmundi Þórðarsyni, Skagfirðingabraut 35, Sauðárkróki, vélbátinn Gullbjörgu, VE 89, með afsali 5. júlí 1965. Til tryggingar eftirstöðvum kaupverðsins hafði stefnandi m. a. fengið skuldabréf, 3 talsins, útgefin 5. júlí 1965 af Guðmundi Þórðarsyni til handhafa að fjárhæð kr. 458.923.00 og tryggð m. a. í síldar- og fiskimjölsverksmiðju Guðmundar Þórðarsonar á Sauðárkróki. Einnig átti stefnandi aðrar kröfur á hendur Guðmundi. Voru skuldir þessar gjaldfallnar en ógreiddar.

Af skjölum málsins verður séð, að 9. október 1967 var uppboðsþing Sauðárkróks sett á Sauðárkróki og haldið af Jóhanni Salberg Guðmundssyni bæjarfógeta. Var þar tekið fyrir uppboðsmálið nr. 7/1967, nauðungaruppboð á hraðfrystihúsi, fiskimjölsverksmiðju og fiskmóttökuhúsi, sem talin voru eign Guðmundar Þórðarsonar, Sauðárkróki. Uppboðsmál þetta, sem tekið var þarna fyrir fyrsta sinni, hefur orðið tilefni til deilumáls þess, sem hér er rekið fyrir bæjarþinginu. Uppboðsbeiðandi í nefndu uppboðsréttarmáli var m. a. stefnandi máls þessa, Svavar Antoníusson.

Verður nú ekki frekar rakinn gangur uppboðsréttarmáls þessa, en þingað var í því nokkrum sinnum til 28. febrúar 1968, þegar m. a. var tekið fyrir að halda nauðungaruppboð á fiskimjölsverksmiðju uppboðspóla, Guðmundar Þórðarsonar, ásamt vélum og öðru tilheyrandi. Er þá m. a. bókað: „Fyrir ríkissjóð og atvinnuleysistryggingasjóð sækir þing Ragnar Pálsson bankastjóri, fyrir Fiskimálasjóð o. fl. kröfuhafa sækir þing Halldór Þ. Jónsson fyrir Jón Hjaltason hrl. vegna Svavars Antoníussonar o. fl., svo og fyrir Mími h. f., Fiskiðju Sauðárkróks h. f. og Kaupfélag Skagfirðinga sækir þing Árni Þorbjörnsson hdl. og enn fremur fyrir Lýsi og Mjöl h. f., Hafnarf., og Inga Ingimundarsonar hrl. sækir þing Árni Þorbjörnsson hdl., fyrir bæjarsjóð Sauðárkróks og Brunabótafélags Íslands sækir þing Hákon Torfason bæjarstjóri. Fyrir uppboðspóla Guðmund Þórðarson, sem er fjarverandi sökum veikinda, sækir þing að ósk hans Erlendur Hansen rafvirki. . . uppboð þetta hefur verið auglýst í dagblaði og með uppfestum auglýsingum hér á staðnum. Hefur uppboðið fengið löglegan undirbúning og verður því látið fram fara, enda engum mótmælum gegn því hreyft. Þar sem eignirnar hraðfrystihús með áföstu fiskmóttökuhúsi annars vegar og fiskimjölsverksmiðja hins vegar eru sérskildar í veðmálaregistri og veðbönd á þeim eru eigi hin sömu, þykir rétt að láta uppboð um eignir þessar fara fram sitt í hvoru lagi, og er það samþykkt að viðstöddum umboðsmönnum.

Fór uppboðið síðan þannig fram . . . II. Fiskimjölsverksmiðja með vélum og öðru tilheyrandi . . . Halldór Þ. Jónsson f. h. Fiskimálasjóðs býður kr. 2.550.000.00.

Árni Þorbjörnsson býður fyrir sömu aðila og áður kr. 2.255.000.00 og krefst útlagningar (til Svavars Antoníussonar).

Fleiri boð voru ekki gerð. Uppboðshaldari tók sér 14 daga frest til að samþykkja boðið.

Umboðsmaður uppboðspóla óskar, að annað og síðasta uppboð á eigninni verði látið fara fram.“

Miðvikudaginn 6. marz 1968 tók Jóhann Salberg Guðmundsson bæjarfógeti fyrir á ný framangreint uppboðsmál. Fór þá fram annað og síðasta uppboð. Er þá m.a. bókað:

„II. fiskimjölsverksmiðja með vélum og öðru tilheyrandi.

Ragnar Pálsson f. h. Árna Þorbjörnssonar vegna Svavars Antoníussonar, Vestmannaeyjum, ítrekar boð gert á uppboðsþingi 28. f. m. kr. 2.555.000.00 og krefst útlagningar.

Halldór Þ. Jónsson f. h. Fiskimálasjóðs býður kr. 2.560.000.00.

Ragnar býður f. h. sömu aðila og að framan greinir kr. 2.600.-

000.00 og krefst útlagningar. Fleiri boð voru ekki gerð. Uppboðshaldari tók sér 14 daga frest til þess að samþykkja boð.“

Föstudaginn 17. maí 1968 var uppboðsmál þetta enn tekið fyrir af sama bæjarfógeta. Er þá m. a. bókað:

„Fyrir var tekið uppboðsmál nr. 7/1967 framhald nauðungaruppboðs á fiskimjölsverksmiðju Guðmundar Þórðarsonar á Sauðárkróki.

Skjöl málsins nr. 1—59 liggja frammi í þinginu.

Uppboðshaldari lagði fram nr. 60 símskeyti frá Guðmundi Péturssyni hrl., nr. 61 símskeyti frá Fiskimálasjóði, nr. 62 símskeyti frá fjármálaráðuneytinu . . . Samkvæmt framangreindum nú framlögðum skjölum þykir rétt að samþykkja frest til samþykkis á uppboðinu til 31. maí n.k.“

Símskeyti þau, sem til er vitnað í þinghaldinu, fjalla um samþykki á fresti til uppgjörs til handa hæstbjóðanda, Svavari Antoníussyni, og að hans beiðni.

Málið var síðan tekið fyrir föstudaginn 31. maí 1968 og frestað í sama skyni til 12. júní 1968, og þá er m. a. bókað:

„ . . . á uppboðsþinginu er staddur Árni Þorbjörnsson hdl. vegna Svavars Antoníussonar, sem er hæstbjóðandi í eignina. Óskar hann framlengingar til samþykkis boða til 31. ágúst n.k.

Þar sem fyrir liggur samþykki næstbjóðanda Fiskimálasjóðs og fjármálaráðuneytisins til þess frests, sem um er beðið, ákvað uppboðshaldari að veita frest í þessu skyni til laugardagsins 31. ágústmánaðar n.k. kl. 10 f. h., og verður þá málið tekið fyrir á sama stað.“

Af skjölum málsins verður ekki séð, að uppboðsmál þetta hafi verið tekið fyrir fyrr en miðvikudaginn 14. maí 1969. Þá er m. a. bókað:

„ . . . nauðungaruppboð á eign þessari fór fram 6. marz 1968. Hæsta boð í hana átti Svavar Antoníusson útgerðarmaður, Vestmannaeyjum, kr. 2.600.000.00, en næsta boð átti Fiskimálasjóður, kr. 2.560.000.00. Hæstbjóðandi fékk nokkrum sinnum framlengdan frest til samþykkis á boði hans, en næstbjóðandi samþykkti að standa við boð sitt, meðan frestur stæði yfir, ýmist með símskeytum eða í símtölum við uppboðshaldara. Nú hefur hæstbjóðandi eigi staðið við boð sitt, og er langt liðið fram yfir veittan frest. Þótti sýnt, að hæstbjóðandi stæði eigi við boðið. Hins vegar hefur næstbjóðandi, Fiskimálasjóður, lýst yfir því, að hann standi við boð sitt kr. 2.560.000.00. Er staddur á uppboðsþinginu umboðsmaður Fiskimálasjóðs, Halldór Þ. Jónsson hdl.,

og staðfestir hann framanritað og óskar samþykkis á boði sjóðsins, enda muni sjóðurinn standa við allar greiðslur og skyldur skv. uppboðsskilmálum. Jafnframt krefst umboðsmaður Fiskimálasjóðs útlagningar eignarinnar sjóðnum til handa upp í ófullnægðar veðkröfur.

Uppboðshaldari samþykkti téð boð Fiskimálasjóðs, og verður útlagning til sjóðsins gerð síðar.“

Málið var enn tekið fyrir í uppboðsrétti þriðjudaginn 1. júní 1969. Er skemmst af því að segja, að í þinghaldi á þessum degi var Fiskimálasjóði lögð út umrædd fiskimjölssverksmiðja til eignar upp í ófullnægða veðkröfu hans.

Í sóknarskjölum segir, að þar sem stefnandi hafi ekki ætlað að eiga eða reka umrædda fiskimjölssverksmiðju, hafi hann notað frestinn í uppboðsmálinu til þess að athuga söluhorfur á eignunum og í apríl 1970 hafi svo verið komið, að stefnandi hafi haft líklegan kaupanda að vélum í frystihúsinu. Hafi hann þá frétt það á skotspónum, að Fiskimálasjóður mundi hafa ráðstafað þessum vélum úr síldar- og fiskimjölssverksmiðjunni suður til Keflavíkur. Kveðst stefnandi þegar hafa hafizt handa til að afla dómsgerða af uppboðsmálinu, þar sem Fiskimálasjóður hefði í símtali greint frá því, að hann hefði í júlí 1969 leyst til sín eignirnar á uppboði. Afgreiðsla dómsgerða hafi dregizt og ekki fengizt fyrr en dómsmálaráðuneytið hafði veitt aðstoð sína í þessu efni. Þann 18. desember 1970 hafi dómsgerðir loks verið afgreiddar, en þá hafi allir frestir til áfrýjunar verið liðnir og leyfi ekki fengizt til áfrýjunar. Ljóst er af gögnum málsins, að stefnandi málsins óskaði eftir því með bréfi til dómsmálaráðuneytisins, dags. 18. desember 1970, að leyfi yrði veitt til áfrýjunar greinds uppboðsmáls. Í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 30. desember 1970 var þeirri umsókn synjað á þeim grundvelli, að dómsmálaráðherra gæti aðeins veitt leyfi til áfrýjunar á næstu þremur mánuðum frá lokun dómsathafnar samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949. Stefnandi ítrekar þessa beiðni sína með bréfi, dags. 7. janúar 1971. Svarbréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins er dags. 9. marz 1971. Taldi það sem fyrr lagaheimild breyta til að veita leyfi til áfrýjunar fyrrgreinds uppboðsmáls.

Sem röksemdir í efnishlið málsins hefur stefnandi einkum bent á, að hann hafi verið hæstbjóðandi í umræddar eignir á uppboðsþingi 28. febrúar 1968. Málinu hafi verið frestað með samþykki allra aðilja til að ganga endanlega frá tilboði stefnanda. Síðast hafi verið gengið frá slíku samþykki frá veðhöfum 12. júní 1968,

sem þá hafi verið síðasta löglega fyrirtaka uppboðsmálsins. Uppboðsmálið hafi ekki komið fyrir þann 31. ágúst 1968, þótt það hafi verið ákveðið í þinghaldi fyrirfram. Stefnandi hafi verið í þeirri góðu trú, að uppboðsmálið hvíldi, unz honum yrði gert aðvart um fyrirtöku. Síðan hafi uppboðsmálið verið tekið fyrir 14. maí 1969, án þess að stefnandi vissi, og eignirnar lagðar út til handa Fiskimálasjóði sem ófullnægðum veðhafa. Ekki hafi stefnanda heldur verið boðin endurgreiðsla á kr. 30.000.00, sem stefnandi hafi greitt í uppboðskostnað til bæjarfógeta til staðfestu á boði sínu í eignirnar hinn 6. apríl 1968.

Í annan stað eru kröfur stefnanda á því reistar, að bæjarfógetinn á Sauðárkróki og sýslumaður Skagafjarðarsýslu, Jóhann Salberg Guðmundsson, hafi dregið að afgreiða dómsgerðir til stefnanda frá því í apríl 1970 og þar til í desember sama ár og með því girt fyrir sjálfstæða áfrýjun uppboðsgerðarinnar.

Telur stefnandi tvímælalaust, að stefndi beri ábyrgð á þessari ölögmætu meðferð.

Stefnandi telur, að hefði hann fengið eignina útlagða sem ófullnægður veðhafi, hefði hann þar með sloppið skaðlaus frá viðskiptunum við Guðmund Þórðarson. Dómkröfur í máli þessu eru því miðaðar við fjárhæðir þeirra krafna, sem stefnandi telur sig hafa átt hjá Guðmundi Þórðarsyni ásamt vöxtum ásamt þeim fyrrgreindu kr. 30.000.00, sem stefnandi telur sig hafa greitt bæjarfógetanum á Sauðárkróki í sambandi við uppboðsmálið.

Annars hefur stefnandi sundurliðað kröfu sína þannig:

1. Víxill við Útvegsbanka Íslands, sem Guðmundur hafði lofað að taka að sér undir 3. tölulið afsals, dags. 5. júlí 1965, kr. 80.000.00, dráttarvextir frá þeim tíma til 1. maí 1971, kr. 56.000.00, eða samtals kr. 136.000.00
2. Víxill pr. 1. október 1965, kr. 100.000.00 undir 5. lið tilvitnaðs afsals auk dráttarvaxta kr. 70.000.00 til 1. maí 1971 og málskostnaður, kr. 14.935.00 — 184.935.00
3. Veðskuldabréf samkvæmt 6. tölulið afsalsins, kr. 458.923.00 auk 7% ársvaxta eitt ár, verður kr. 491.047.60 auk dráttarvaxta 1% á mánuði frá 1. júlí 1966 til 1. maí 1971, þ. e. 4 ár og 10 mánuðir, kr. 284.806.90 — 775.854.50
4. Greitt bæjarfógeta á Sauðárkróki með tékk-

ávísun frá Jóni Hjaltasyni hæstaréttarlögmanni, dags. 6. apríl 1968, upp í uppboðskostnað til að festa boð

kr. 30.000.00

Kr. 1.126.789.50

Stefndu telja málssóknina fjarstæðu og sérstaklega þó fjárhæð dómkröfu.

3.0.

3.1. Dómkrafa í málinu er höfð uppi óskipt á hendur stefndu, eins og fyrr greinir. Samkvæmt stefnu og öðrum sóknarskjöllum verður málssóknin eigi skilin öðru vísi en svo, að hér sé í öllum tilvikum um að ræða skaðabótakröfu á hendur stefndu. Skaðabótakrafa þessi er á því reist, að bæjarfógeta á Sauðárkróki og sýslumanni í Skagafjarðarsýslu hafi orðið á mistök í meðferð uppboðsmálsins nr. 7/1967, sem varðaði nauðungaruppboð á hraðfrystihúsi, fiskimjölsverksmiðju og fiskmóttökuhúsi, allt eignir uppboðspola, Guðmundar Þórðarsonar, að því er talið var. Hefur stefnandi vísað til upphafsákvæðis 34. gr. laga nr. 85/1936 kröfu sinni til stuðnings.

Samkvæmt 2. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936 verður ábyrgð á hendur héraðsdómara, en í þeirri tölu er uppboðshaldari í þessu tilviki, ekki komið fram með málssókn í héraði, svo sem máli þessu er háttað. Úrlausn um bótaskyldu ríkissjóðs vegna mistaka í dómaraverkum hlýtur einnig að byggjast á mati á þeim dómaraverkum. Slík úrlausn verður því heldur ekki fengin með málssókn í héraði, sbr. 2. mgr. 34. gr. fyrrgreindra laga.

Af þessum sökum ber að vísa máli þessu frá dómi í heild sinni, enda þótt krafa um það hafi ekki komið fram.

Gjafsóknarkostnaður til handa stefnanda er hæfilega ákveðinn kr. 65.000.00, þar af hljóti skipaður umboðsmaður stefnanda, Jón Hjaltason hæstaréttarlögmaður, kr. 50.000.00 í málssóknarlaun. Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði. Málskostnaður milli aðilja á að falla niður.

Stefán M. Stefánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður. Gjafsóknarkostnaður, kr. 65.000.00, greiðist úr ríkissjóði, þar af hljóti skipaður talsmað-

ur stefnanda, Jón Hjaltason hæstaréttarlögmaður, kr. 50.000.00 í málssóknarlaun. Framangreinda fjárhæð ber að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 29. september 1973.

Nr. 42/1972: Sveinn Hjörleifsson

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

**Kristni Pálssyni f. h. eiganda
og áhafnar m/b Bergs, VE 44,
og gagnsök
(Jón Hjaltason hrl.).**

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Björgun. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. marz 1972. Krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar úr þeirra hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að honum verði gert að greiða mun lægri fjárhæð en í héraðsdómi greinir og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Gagnáfrýjendur hafa gagnáfrýjað málinu með stefnu 20. marz 1972. Gera þeir þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim kr. 1.837.350.00 með 8% ársvöxtum af kr. 1.930.430.00 frá 18. desember 1970 til 22. júlí 1971 og af kr. 1.837.350.00 frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefjast þeir enn